

## Tillaga um vinnustöðvun hjá Almenningsvögnum Kynnisferða 1/3

Fundur samninganefndar Eflingar - stéttarfélags haldinn 28. febrúar 2019 kl. 20:00 í salarkynnum Eflingar Guðrúnartúni 1 samþykkir að láta fara fram atkvæðagreiðslu um boðun vinnustöðvunar skv. 15. grein laga 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Vinnustöðvunin taki til félagsmanna Eflingar sem vinna hjá fyrirtækinu Almenningsvagnar Kynnisferð ehf. (svo stafs. skv. Fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra), Klettagörðum 12, 104 Reykjavík (kt. 631299-2379) skv. almennum kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins og Eflingar - stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar, Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis og Stéttarfélags Vesturlands sem rann út þann 31. desember 2018.

Samningaviðræður um framlagðar kröfur Eflingar - stéttarfélags vegna endurnýjunar þessa kjarasamnings fyrir hönd félagsmanna sinna hafa reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu ríkissáttasemjara.

Vinnustöðvunin taki til allra hópbifreiðastjóra og annarra félagsmanna Eflingar sem vinna hjá Almenningsvögnum Kynnisferð (svo) ehf. samkvæmt ofangreindum kjarasamningi Eflingar og SA á félagssvæði Eflingar sem nánar tilgreint er lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar og Kjósarsýslu að Botnsá, Grímsnes og Grafningshrepps, Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfus auk Hafnarfjarðar og Garðabæjar.

Greidd verða atkvæði samkvæmt heimildarákvæði 2.mgr. 15.gr. laga nr. 80/1938 og skal kjörskrá sett saman með tilliti til þess og á henni þeir félagsmenn Eflingar sem í hlut munu eiga.

Vinnustöðvun félagsmanna Eflingar á ofangreindum vinnustað er með eftirfarandi hætti:

- Frá og með 1. apríl 2019 til og með 1. maí 2019 að frátöldum laugardögum og sunnudögum:
  - o Öll vinna er lögð niður dag hvern frá klukkan 07:00 til 09:00 að morgni og aftur frá klukkan 16:00 til klukkan 18:00 síðdegis.
- Frá og með klukkan 00:01 þann 15. apríl 2019 og til ótilgreinds tíma:
  - o Starfsmenn sem vinna við eftirfarandi störf leggja niður alla vinnu: þrif bifreiða að utanverðu, þrif bifreiða að innanverðu, dæling eldsneytis á bifreiðar, lagning bifreiða í stæði.

Atkvæðagreiðslunni skal lokið eigi síðar en kl. 22:00, fimmtudaginn 14. mars 2019.